

Álit

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Frá meiri hluta félags- og tryggingamálanefndar.

Félags- og tryggingamálanefnd hefur borist erindi frá efnahags- og skattanefnd þar sem óskað er álits nefndarinnar um þá þætti sem snúa að málefnasviði hennar í 243. máli, frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Nefndin hefur tekið til umfjöllunar V., VI. og IX. kafla sem leggja til breytingar á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, og lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007.

Nefndin fékk á sinn fund Ágúst Geir Ágústsson, Hönnu S. Gunnsteinsdóttur og Ágúst Þór Sigurðsson frá félags- og tryggingamálaráðuneyti, Sigurð P. Sigmundsson frá Vinnumálastofnun og fæðingarorlofssjóði, Helgu Jónsdóttur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Stefán Aðalsteinsson frá Bandalagi háskólamanna, Ingólf Gíslason frá Jafnréttisstofu, Halldór Grönvold frá Alþýðusambandi Íslands, Guðlaug Stefánsson frá Samtökum atvinnulífsins, Helga Hjálmarsson Borgþór S. Kjærsted frá Landsambandi eldri borgara, Margréti Margeirsdóttur og Sigurð Einarsson frá félagi eldri borgara, Guðmund Magnússon og Guðríði Ólafsdóttur frá Öryrkjabandalagi Íslands og Rögnu Halldórsdóttur, Sigurð M. Grétarsson og Gunnar Þ. Andersen frá Tryggingastofnun ríkisins.

Frumvarpið fjallar um breytingar á ýmsum lögum til að draga verulega úr áætluðum halla á rekstri ríkissjóðs í kjölfar hruns íslensku bankanna.

Í VI. kafla frumvarpsins er lagt til að hámarksgreiðslur úr fæðingarorlofssjóði lækki úr 480 þús. kr. í 400 þús. kr.

Í V. og IX. kafla er að finna tillögur til breytinga á lögum um almannatryggingar annars vegar og málefni aldraðra hins vegar sem gera munu að verkum að fjármagnstekjur umfram frítekjumark komi að fullu til skerðingar við útreikning á elli- og örorkulífeyri, örorkustyrk og tekjutrygginga sem og við ákvörðun á dvalarkostnaði vistmanns. Með sama hætti er frítekjumarki atvinnutekna ellilífeyrisþega 70 ára og eldri og vistmanna breytt til samræmis við frítekjumark annarra hópa ellilífeyrisþega.

Í IX. kafla er lagt til að 10. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögum um almannatryggingar verði fellt brott. Með því að afnema ákvæðið úr lögnum munu tekjur maka endanlega hætta að hafa áhrif á útreikning bóta lífeyristrygginga, sem er til mikillar einföldunar á lífeyristryggingakerfinu. Breytingin felur í sér afnám heimildar til að nýta reiknireglu sem tengdi við tekjur maka, þrátt fyrir að tekjutengingin sem slík hafi verið afnumin úr lögnum 1. apríl sl. Þá er lagt til að bætur almannatrygginga, sem og greiðslur skv. 63. gr. og fjárhæðir skv. 22. gr. almannatryggingalaga, hækki um 9,6% 1. janúar 2009. Þessar bætur áttu skv. lögnum að hækka um áramótin samkvæmt neysluvísitölu sem er áætluð umtalsvert hærri. Þá mun lágmarksframfærslutrygging sem mælt er fyrir um í reglugerð, sem sett er á grundvelli laga um félagslega aðstoð, hækka um 20%, úr 150 þús. kr. í 180 þús. kr. á mánuði sem tryggir sérstaklega hag tekjulægstu bótaþeganna.

Á fundi nefndarinnar komu fram ýmis sjónarmið og m.a. lýstu gestir almennt óánægju og áhyggjum yfir skerðingu lífeyrisgreiðslna og bóta og harmað var að vísitöluhækkun lífeyrisgreiðslna sem koma átti til framkvæmda um áramót verður lækkuð og miðað við 9,6%. Gestir áréttuðu mikilvægi þess að verja hag aldraðra og öryrkja í því ástandi sem skapast hefur.

Fulltrúar Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins o.fl. töldu að ef ekki yrði sett frítekjumark á greiðslur úr lífeyrissjóði samhliða hækkun á lágmarksframfærslutryggingu myndu greiðslur úr lífeyrissjóðum skerða bætur krónu á móti krónu allt að 61.000 kr. og þannig draga úr vilja til á að greiða iðgjöld í lífeyrissjóði. Þeir töldu þetta stofna framtíð lífeyrissjóðakerfisins í hættu.

Meiri hluti nefndarinnar tekur undir mikilvægi þess að gæta hagsmuna elli- og örorkulífeyrisþega og telur að í ofangreindum tillögum sé reynt að gæta sérstaklega að hag þeirra sem lægstar tekjur hafa. Meiri hlutinn tekur undir mikilvægi þess að verja lífeyrissjóðakerfið og áréttar að endurskoðun á almannatryggingakerfinu í heild verði hraðað og skoðaðar hugmyndir um frítekjumark á greiðslur úr lífeyrissjóði og reynt að koma í veg fyrir jaðarskerðingar í lífeyriskerfinu.

Í umræðum í nefndinni kom fram að lög um fæðingar- og foreldraorlof hefðu sannað gildi sitt og mikilvægt að halda þeim grunnhugmyndum sem lögin byggja á. Það var samdóma álit gesta að ef lækka verður útgjöld fæðingarorlofssjóðs þá væri það best gert með lækkun á hámarksgreiðslum eins og tillagan gerði ráð fyrir. Þær upplýsingar fengust frá fulltrúa Vinnumálastofnunar og fæðingarorlofssjóðs að ákvæði frumvarpsins um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof myndi ekki skila nema um helming áætlaðrar kostnaðarlækkunar upp á 400 m.kr. ef gildistími laganna verður frá 1. janúar 2009. Áætlun fjármálaráðuneytis og fulltrúa Vinnumálastofnunar ber því ekki saman. Frumvarpið gerir ráð fyrir að ekki komi til skerðingar á hámarki greiðslna til forelda í fæðingarorlofi hjá þeim foreldrum sem eignast hafa barn fyrir 1. jan. 2009 og eiga enn ónýttan orlofsrétt. Meiri hlutinn bendir efnahags- og skattanefnd á þetta og telur mikilvægt að skoða þennan þátt betur. Frá félags- og tryggingamálaráðuneyti fengust þær upplýsingar að reynt hafi verið að forðast afturvirkni laganna, en benti á að lagalega væri mögulegt að breyta útfærslunni þannig að hámarkið myndi eiga við alla foreldra sem tækju fæðingarorlof eftir 1. janúar 2009 óháð því hvenær fæðingardagur barns væri. Meiri hlutinn áréttar þann skilning sinn að lækkun á hámarks greiðslum úr sjóðnum sé tímabundin ráðstöfun sem gangi til baka um leið og aðstæður leyfa. Þá sé nauðsynlegt að tryggja það að ekki sé vikið frá grundvallartilgangi löggjafarinnar.

Meiri hlutinn felst á að óhjákvæmilegt sé að grípa til aðgerða í þeirri stöðu sem upp er komin í fjármálum ríkisins og draga úr fyrirsjáanlegum halla á ríkissjóði. Nefndin telur að þess hafi verið gætt í tillögununum að ganga ekki of nærri velferðarkerfinu, sem nauðsynlegt er að standa vörð um. Með tillögunum tekst að standa vörð um megnið af þeim hækkunum og réttarbótum sem ákveðnar hafa verið á liðnum misserum. Meiri hlutinn leggst því ekki gegn tillögunum en áréttar mikilvægi þess að verja hagsmuni þeirra sem hafa lægstar tekjur og fagnar því að frumvarpið tryggi þetta m.a. með því að hækka lágmarksframfærslutrygginguna.

Alþingi, 17. des. 2008.
Guðbjartur Hannesson form.,
Jón Gunnarsson,
Kjartan Ólafsson,
Ásta R. Jóhannesdóttir,
Arnbjörg Sveinsdóttir,
Árni Johnsen.